

Fjallskilanevnd Ölfus

Fundur Fjallskilanevndar Ölfus haldinn í Ráðhúsi Ölfus 14.03.2023 kl: 17:30.

Mætt eru Björn Kjartansson formaður, Halldór Guðmundsson varaformaður, Baldur Guðmundsson varamaður, Páll Stefánsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Snorri Þórarinsson.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir

Formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna.

1. Álagning fjallskila 2023 – samantektir og uppgjör (sjá fylgirit).

Fjöldi dagsverka:	165 (í fyrstu og annari leit)
Aukaleitir:	26 dagsverk
Útréttir:	7 dagsverk
Leitarstjórn:	4 dagsverk
Réttarstjórn:	2 dagsverk
Akstur:	620 km.

Fjallskilanevnd leggur ríka áherslu á stöðugleika í samfélaginu og hækkar því ekki gjaldskrá þetta árið.

Taxtar:

Dagsverk;	kr. 10.000.-
Útréttir;	kr. 6.000.-
Leitar- og réttarstjórn;	kr. 14.500.-
Aukaleitir;	kr. 13.200.-
Akstur;	kr. 160/km

Samtals kostnaður vegna fjallskila er því;

Fjöldi fjár í sveitarfélaginu veturinn 2022-2023 eru **1165** kindur.

Skipting kostnaðar er samkvæmt samþykktum Sveitarfélagsins með eftirfarandi hætti; 2.221.400 kr.-

Sveitarfélagið Ölfus greiðir 30% kostnaðar kr; 666.420.-

Fjáreigendur greiða 70% kostnaðar kr; 1.554.980.-

P. Skarb

Kostnaður á hverja vetrarfóðraða kind verður því kr; 1.335.-

2. Reglugerð um sjálfbæra landnýtingu í samráðsgátt stjórnvalda

Í samráðsgátt stjórnvalda er að finna reglugerð um sjálfbæra landnýtingu. Skrifuð hefur verið umsögn sem sveitarfélagið Ölfus hyggst senda inn í samráðsgátt varðandi reglugerð þessa.

Fjallskilanefnd Ölfus tekur heilshugar undir texta og niðurlag umsagnar Sveitarfélagsins Ölfus dagsett 12. mars 2024 um sjálfbæra landnýtingu þar sem ráðlagt er með góðum rökstuðningi að þessi reglugerðardrög og viðaukar hennar þurfi verulegrar endurskoðunar við með samráði og samtali við fólk með landið byggir. Í þessum reglugerðardrögum eru allt of mörg ákvæði um vald og stjórnun, en ekki samráð og samstarf eins og bændur í Ölfusi hafa ávallt kosið í sínu samstarfi við fyrrverandi Landgræðslu ríkisins og Sveitarfélagið. Okkur þykir öllum vænt um landið okkar og krefjumst samtals um nýtingu þess.

3. Skráning gripa sem handsamaðir eru utan girðingar

Fjallskilanefnd Ölfus leggur áherslu á að eftirlits- og fjárvörslumenn taki upp skráningu þeirra gripa sem handsamaðir eru utan girðingar eins og samþykkt 398/2006 um búfjárhald í Sveitarfélaginu Ölfus gerir ráð fyrir.

Eingöngu með slíkri skráningu er hægt að beita ákvæðum samþykktarinnar um ítrekuð tilvik einstakra gripa þar sem hægt er að gera kröfur á viðkomandi búfjáreiganda um útlagðan kostnað handsömunar og vörslu. Þessar reglur voru viðhafðar í upphafi lausagöngubannsins og var vel lýst með útgáfu samþykktarinnar og skulu teknar upp að nýju.

4. Önnur mál

Fjallskilanefnd vill áréttta að fjáreigendur sleppi ekki fé í afréttarhólfín fyrr en viðgerð og viðhaldi er lokið. Stefnt er að því að þeirri vinnu sé lokið 15. júní en nefndin hvetur til þess að þeirri vinnu verði lokið eins fljótt og auðið er.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40.

BIÖRN KIARTANSSON

Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Baldur Guðmundsson
Stalldi Guðmundsson
Tari Stefánsson